

AUGLÝSING

163

30. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Búðakauptúns, Fáskrúðsfirði,
nr. 86 16. október 1929.

Heimilt skal rafveitunni að hækka verð á rafmagni til ljósa, sem er 75 aur. fyrir kílóvattstund, um 50%, þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. október 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1942.

F. h. r.

E. u.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

164

13. ágúst

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, svo og lögum nr. 37 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI**Um markmið skólans og skipulag.****1. gr.**

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Fjögurra mánaða deild í minnsta lagi undir hið minna fiskimannapróf.
2. Tveggja ára deild undir hið meira fiskimannapróf.
3. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
4. Sérstök deild undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennsludeild starfar með færri en 3 nemendum, nema leyfi atvinnu- málaráðuneytisins komi til.